



Gamli pósturinn sóttur úr Zimbra

Hægt er með tiltölulega einföldum hætti að sækja gamla póstin sinn úr pósthólfinu á Zimbraþjónum. Þetta er gert í gegnum vefviðmótið á Office365 — <https://outlook.office365.com> — og þar er farið í tannhjólíð uppi til hægri og smelt á „Valkostir“.



Valkostir leiða mann inn á síðu sem býður upp á að stjórna heilmiklu sem varðar tölvupóstinn. Þarna er hægt að setja upp sjálfvirka undirskrift, sjá hvaða póstlistum maður tilheyrir, hægt að setja upp póstreglur (t.d. að láta allan póst frá einhverjum fara beint í sérstaka undirmöppu) og ýmislegt fleira.

En það sem málið snýst um núna er að sækja gamla póstin inn í nýja pósthólfið. Þetta er gert út frá forsiðu valkostanna á tenglinum „tengdir reikningar“.



Þegar síðan „tengdir reikningar“ birtist er smelt á plúsinn og nauðsynlegar upplýsingar settar inn í Ný tenging við reikning

Ath: notandanafn@postur.ma.is

*Netfang:

*Aðgangsorð:

Gamla lykilorðið!

Þetta er aðgangsorðið sem þú notar til að skrá þig inn í reikninginn sem þú ert að tengjast.

Hjálp reitina. Athugið að þarna setjið þið ekki netfangið ykkar óbreytt heldur þarf endingin að vera **@postur.ma.is** og lykilorðið sem þið notið er gamla MA-lykilorðið ykkar.

Þegar þetta er komið er smelt á reitinn „Áfram“ og ef allar upplýsingar eru réttar kemur

upp staðfesting á því að pósthólfin séu nú samtengd og um leið fer gamli pósturinn að detta inn í það nýja.